



Akureyrarbær



Safnastefna Akureyrarbæjar

2022 – 2026

AÐGERÐARÁÆTLUN

Samþykkt ásamt stefnunni í bæjarstjórn
1. febrúar 2022

1. ÖRUGGUR REKSTUR, SAMVINNA OG SAMEINING

Leiðir:

1. Að hafa þarfir safna sem nú þegar eru að verulegu leyti eða öllu kostuð af Akureyrarbæ í forgangi er kemur að úthlutun fjármagns til safnamála á gildistíma stefnunnar. Markmiðið er að auka faglega starfsemi þeirra og veita frekara öryggi í rekstri þeirra.

Ábyrgð: Bæjarstjórn og bæjarráð

Framkvæmd: Bæjarráð

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Skv. fjárheimildum fjárhagsáætlunar hvers árs.

2. Bæjarráð mun kanna kosti þess að sameina sögu- og minjasöfn sem eru að verulegu eða öllu leyti fjármögnuð af Akureyrarbæ og/eða varðveita mikilvæga sögu bæjarins. Verði niðurstaðan jákvæð er markmiðið að ný sameinuð safnastofnun verði að veruleika á tímabilinu.

Ábyrgð: Bæjarráð

Framkvæmd: Atvinnu- og menningardeild í samstarfi við söfnin og stjórnir þeirra

Tími: 2022 - 2023

Kostnaður: Ráðgjafarvinna og möguleg aukning á rekstrarframlagi árið 2023 – sjá umfjöllun um lðnaðarsafn í leið 4.

3. Gerð verður úttekt á Holti – húsi Öldu Halldórsdóttur í Hrísey, sem er liður í ákvörðun um áframhaldandi rekstur safnsins og hvort það geti átt heima í sameinuðu sögu- og minjasafni (sbr. lið 1.2).

Ábyrgð: Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA)

Framkvæmd: UMSA

Tími: Mars 2022

Kostnaður: Vinna starfsmanna.

4. Kannaður verður fýsileiki þess að lðnaðarsafnið verði hluti af sameinuðu sögu- og minjasafni eða sameinist Minjasafninu á Akureyri verði fyrrnefndi kosturinn ekki að veruleika. Markmiðið er vernda einstaka lðnaðar- og atvinnusögu Akureyrar sem lðnaðarsafnið hefur haldið utan um og miðlað. Mikilvægt er að Akureyrarbær styðji við varðveislu og sýnileik þessarar sögu til framtíðar með auknum framlögum til starfseminnar.

Ábyrgð: Bæjarráð

Framkvæmd: Atvinnu- og menningardeild í samstarfi við lðnaðarsafnið og eigendur þess

Tími: Maí 2022

Kostnaður: 7.500.000 kr. frá árinu 2023 til að tryggja samfellu í starfsmannahaldi og faglegu starfi. Endurmetið komi til þess að lðnaðarsafnið sameinist öðru safni eða söfnum.

5. Öll söfn sveitarfélagsins verði hvött til að auka enn frekar samvinnu sína í gegnum safnaklasa og vinna þar saman að m.a. viðburðum og kynningum. Söfn bæjarins verði leiðandi í virku þverfaglegu samstarfi og gjarnan við miðlun og þróun nýjunga á sviði safnafræði.

Ábyrgð: Atvinnu- og menningardeild

Framkvæmd: Söfn bæjarins með liðsstyrk atvinnu- og menningardeildar

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Vinna starfsmanna og útlagður kostnaður í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun hvers árs.

6. Réttlætismál er að ríkissjóður leggi sitt af mörkum til reksturs skáldahúsanna á Akureyri, þ.e. Davíðshúss, Nonnahúss og Sigurhæða. Öll eru hús þjóðskálda og mun Akureyrarbær gera það sem í hans valdi stendur til að samningur

um árleg framlög náist sem stuðli að blómlegri starfsemi í húsunum til framtíðar.

Ábyrgð: Bæjarstjórn

Framkvæmd: Bæjarráð

Tími: 2022

Kostnaður: Fjárheimildir í áætlun og tekjur í samræmi við árangur af samningaviðræðum.

7. Söfn bæjarins eru hvött til að efna til enn frekara samstarfs við Héraðsskjalasafnið um að nýta safnkost þess í upplýsingaöflun t.d. við sýningargerð og fræðslu.

Ábyrgð: Söfn bæjarins

Framkvæmd: Söfn bæjarins með liðstyrk atvinnu- og menningardeildar

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Fjárheimildir í áætlun og tekjur í samræmi við árangur af samningaviðræðum.

8. Héraðsskjalasafnið efni til samvinnu við lista-, minja- og sögusöfn með það að markmiði að þau nýti sér betur safnkostinn en hingað til.

Ábyrgð: Héraðsskjalasafnið

Framkvæmd: Héraðsskjalasafnið með fulltingi atvinnu- og menningardeildar.

Tími: 2022 og 2023

Kostnaður: Vinna starfsmanna og útlagður kostnaður í samræmi við fjárheimildir hvers árs.

9. Söfnin í bænum eru hvött til aukinnar samvinnu við heilsu- og öldrunarstofnanir bæjarins, með það fyrir augum að efla þjónustu við samfélagshópa sem eiga erfitt með að nýta sér hefðbundna þjónustu safnanna. Leggja skal áherslu á að auka óhefðbundnar leiðsagnir á söfnunum og einnig heimsóknir út fyrir þau.

Ábyrgð og framkvæmd: Söfnin í bænum

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Í samræmi við fjárheimildir hvers árs.

10. Söfnin auki samtalið sitt við hina ýmsu minnihlutahópa samfélagsins, m.a. með samvinnu við sýningargerð og með hentugum miðlunarleiðum á sögu sem snertir m.a. tiltekna hópa.

Ábyrgð og framkvæmd: Söfnin í bænum

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Í samræmi við fjárheimildir hvers árs.

11. Hlutverk atvinnu- og menningardeildar sem tengiliðs safna við stjórnsýsluna verði skýrt til að auðvelda boðleiðir og samráð, sem og að auka upplýsingaflæði til og frá söfnunum. Samþykktar verða verklagsreglur þar um.

Ábyrgð: Bæjarráð

Framkvæmd: Atvinnu- og menningardeild í samstarfi við söfnin

Tími: Hausti 2022

Kostnaður: Vinna starfsmanna.

12. Hafist verði handa við viðhald og viðgerðir á útilistaverkum bæjarins samkvæmt forgangslista yfir viðhald og framkvæmdir við útilistaverk á Akureyri frá 2019.

Ábyrgð: Listasafnið á Akureyri

Framkvæmd: UMSA, Listasafnið og atvinnu- og menningardeild

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Samkvæmt nánari áætlun um fjölda og umfang viðhaldsverkefna ár hvert.

13. Listasafnið á Akureyri skrái útilistaverk bæjarins í Sarp ásamt annarri listaverkæign og þau gerð sýnileg hinum almenna borgara á rafrænu formi.

Ábyrgð: Listasafnið á Akureyri

Framkvæmd: Listasafnið á Akureyri

Tími: 2023

Kostnaður: Vinna starfsfólks Listasafnsins og aðgangur að Sarpi.

2. SÖFN, SÝNINGAR, SÖGULEGAR BYGGINGAR OG MENNINGARMINJAR SEM FJÁRMÖGNUM ERU AÐ VERULEGU EÐA ÖLLU LEYTI AF AKUREYRARBÆ

Leiðir:

1. Atvinnu- og menningardeild vinni þarfagreiningu á geymslumálum sögu- og minjasafna sem rekin eru af Akureyrarbæ að verulegu eða öllu leyti og varðveita mikilvæga sögu og arfleifð bæjarins.

Ábyrgð: Bæjarráð

Framkvæmd: Atvinnu- og menningardeild í samstarfi við UMSA og viðkomandi söfn.

Tími: Fyrri hluti árs 2023

Kostnaður: Vinna starfsmanna og sérfræðiráðgjöf kr. 500.000. – 1.000.000.

2. Gerð verður greining á húsnæðisþörfum Minjasafnsins á Akureyri út frá starfsemi safnsins eins og hún er nú, en einnig með hliðsjón af hugmyndum um sameiningu sögu- og minjasafna. Í kjölfar greiningarinnar verður unnin áætlun um framkvæmdir.

Ábyrgð: Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Framkvæmd: Stjórn Minjasafnsins í samstarfi við UMSA f.h. Akureyrarbæjar og aðra stofnaðila safnsins

Tími: 2023

Kostnaður: Vinna starfsmanna og sérfræðiráðgjöf 2.000.000.

3. Leggja skal áherslu á skráningu safneignar safnanna í miðlægt skráningarkerfi Sarps og hún þannig gerð sýnileg almenningi.

Ábyrgð: Viðeigandi söfn

Framkvæmd: Viðeigandi söfn og atvinnu- og menningardeild

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Samkvæmt fjárheimildum safnanna fyrir hvert ár.

4. Við fjárhagsáætlunargerð Akureyrarbæjar skal eftir föngum taka tillit til þeirra skilyrða sem þau söfn sem hlotið hafa viðurkenningu safnaráðs þurfa að uppfylla. Að sama skapi skulu söfnin sjálf forgangsraða fjárheimildum sínum með hliðsjón af þeim sömu skilyrðum.

Ábyrgð: Bæjarráð

Framkvæmd: Bæjarráð og viðeigandi söfnun.

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Samkvæmt fjárheimildum safnanna fyrir hvert ár.

3. ÖNNUR SÖFN, SAFNVÍSAR OG SÝNINGAR

Leiðir:

1. Akureyrarbær styðji við starfsemi einkarekinna safna með kynningum á sýningum og viðburðum í gegnum kynningarstarf sitt, svo sem á ferðamannassíðu Akureyrarbæjar www.halloakureyri.is.

Ábyrgð: Atvinnu- og menningardeild

Framkvæmd: Atvinnu- og menningardeild í samstarfi við viðeigandi söfn.

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Vinnuframlag starfsmanna og útlagður kostnaður samkvæmt fjárheimildum fyrir hvert ár.

2. Akureyrarbær hvetur þau söfn í bænum sem fjalla um ákveðna þætti Íslandssögunnar til frekara samtals við ríki um fjárhagslega rekstraraðstoð í samræmi við landshlutverk þeirra.

Ábyrgð: Viðeigandi söfn

Framkvæmd: Viðeigandi söfn eftir atvikum með liðsinni Akureyrarbæjar.

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Vinnuframlag viðkomandi safna og eftir atvikum starfsmanna Akureyrarbæjar.

3. Akureyrarbær móti verklag um gerð samninga er snúa að samvinnu einkaaðila, ríkis og sveitarfélagsins við rekstur safna í einkaeign.

Ábyrgð: Bæjarráð

Framkvæmd: Atvinnu- og menningardeild

Tími: 2023.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsmanna.

4. Hvetja skal söfn sem eru að litlu eða engu leyti rekin af Akureyrarbæ til að styrkja stöðu sína með því að taka mið af safnalögum við rekstur sinn og jafnframt að hafa siðareglur ICOM til hliðsjónar í starfseminni.

Ábyrgð: Viðeigandi söfn

Framkvæmd: Viðeigandi söfn

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Vinnuframlag starfsmanna safnanna.

5. Akureyrarbær hvetur öll söfn bæjarins til samstarfs, samvinnu og samtals sín á milli, einnig þau sem eru að litlu eða engu leyti kostuð af bænum, til gagns og gleði fyrir þau og starfsemi þeirra, sem og íbúa og umhverfið allt.

Ábyrgð: Viðeigandi söfn

Framkvæmd: Viðeigandi söfn í samstarfi við atvinnu- og menningardeild

Tími: Gildistími stefnunnar

Kostnaður: Vinnuframlag og útlagður kostnaður í samræmi við fjárheimildir safnanna og atvinnu- og menningardeildar ár hvert.



Akureyrarbær